

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Samantekt





EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Framtíðarsýn	6
Meginmarkmið	7
Hvernig ferðapjónusta á við Vestfirði og helstu markaðir?	8
Skipting Vestfjarða í áfangastaðaáætlun	9
Ferðapjónustan á Vestfjörðum – samantekt stöðugreiningar	10
Ímynd svæðis og aðdráttarafl	18
Aðgerðaáætlun	19
Viðauki 1	23
Viðauki 2	26
Viðauki 3	29





Árið 2018 skilaði Vestfjarðastofa inn fyrstu Áfangastaðaáætlun Vestfjarða en í henni var að finna ítarlega greiningu á stöðu ferðaþjónustu á Vestfjörðum, heildræna stefnu fyrir greinina innan svæðisins, ásamt fjórum aðgerðaráætlunum sem tóku á þörfum til uppbyggingar innviða sem og gæða innan ferðaþjónustu á svæðinu. Áfangastaðaáætlun var ávallt ætlað að vera lifandi skjal og til marks um það hefur hún verið uppfærð þrisvar sinnum á undanförunum tveimur árum vegna minniháttar breytinga. Árið 2020 er aftur á móti kominn tími til að horfa til baka og meta stöðu greinarinnar og þeirra verkefna sem lögð hefur verið áhersla á innan áfangastaðaáætlunar og er því unnið að endurnýjun áætlunarinnar.

Við vinnu áfangastaðaáætlunar 2018 var svæðinu skipt í þrennt; Strandir og Reykhóla, norðanverða Vestfirði og sunnanverða Vestfirði og voru lagðar fram aðgerðaráætlanir fyrir hvert svæði ásamt einni áætlun fyrir Vestfirði í heild. Við gerð aðgerðaráætlanna var fundað á hverju svæði en ekki innan hvers sveitarfélags og því má segja að það vantaði ákveðna dýpt í lista aðgerða. Það var því ákveðið við endurnýjun áætlunarinnar að funda með fulltrúum allra níu sveitarfélaganna sem og í hverjum þéttbýliskjarna, eða í 12 þéttbýliskjörnum í heildina. Þessi aðferð skilaði okkur aðgerðaráætlun sem er mun ítarlegri og raunhæfari er varðar uppbyggingu svæðisins.

Við vinnuna á upphaflegu áfangastaðaáætluninni var tekið saman gríðarlegt magn af upplýsingum sem snertu greinina beint og óbeint. Helstu upplýsingar voru síðan gefnar út í samantekt, þar sem teknar voru saman helstu ferðaþjónustutölur svæðisins ásamt aðgerðaráætlunum. Ákveðið var við endurnýjun áætlunarinnar að leggja mestu áhersluna á aðgerðaráætlanirnar og uppfærslu helstu ferðaþjónustutalna.

Uppfærsla áfangastaðaáætlunarinnar er unnin á einhverjum mestu óvissutímum sem greinin hefur upplifað í ljósi heimsfaraldurs. Undanfarin ár hefur náðst ágætur árangur í að lengja ferðamannatímabilið og byggja upp traustari innviði en telja verður líklegt að endurmeta þurfi framtíðarsýn og markmið ferðaþjónustu á landinu öllu eftir þetta tímabil.



FRAMTÍÐARSÝN

6

Sameiginleg sýn vestfirskrar ferðaþjónustu til ársins 2024.

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afþreyingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.



MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið með sjálfbærni að leiðarljósi;

- > Uppbygging gæðaáfangastaða
- > Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu
- > Samstaða um umhverfi og samfélag
- > Bættar samgöngur
- > Viðhald sérkennis svæðis og náttúru
- > Heilsársferðaþjónusta
- > Þróun afþreyingar sem byggir á sérstöðu náttúrunnar
- > Rannsóknir, þróun og nýsköpun



HVERNIG FERÐAÞJÓNUSTA Á VIÐ VESTFIRÐI OG HELSTU MARKAÐIR?

Ferðaþjónusta með náttúru og menningu sem helsta áherslusvið:

- > Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- > Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- > Upplifunarferðamennska (e. experience tourism)
- > Menningar- og arfleifðarferðamennska (e. culture and heritage tourism)
- > Matarferðamennska (e. food/culinary tourism)

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðaþjónusta en megináhersla á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

Sjálfstæði landkönnuðurinn er sá markhópur, miðað við markhópagreiningu Íslandsstofu, sem flestir telja að henti vestfirskri ferðaþjónustu.



SKIPTING VESTFJARÐA Í ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN

Unnin er ein áfangastaðaáætlun fyrir Vestfirði sem skiptist í fjórar aðgerðaráætlanir; Vestfirðir í heild, sunnanverðir Vestfirðir, norðanverðir Vestfirðir og Standir og Reykhólar.

Níu sveitarfélög eru innan svæðisins sem nær yfir 8.898 km². Þau eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurbhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.



NORÐANVERÐIR VESTFIRÐIR

SUNNANVERÐIR VESTFIRÐIR

STRANDIR OG REYKHÓLAR



FERÐAÞJÓNUSTAN Á VESTFJÖRÐUM – SAMANTEKT STÖÐUGREININGAR

Starfsleyfi í gildi 2020



Ferðaskrifstofur



Ferðasali dagsferða



Gistipjónusta 2020



Hótel



Gistiheimili



Tjaldsvæði



Svefnpokaláss



Bændagisting



Farfuglaheimili
og Hostel



Íbúðir




Sumarhús



Heimagisting



Airbnb



Gistinætur



Gistinætur árið
2020 á Vestfjörðum
(216.780 árið 2019)

Fækkun gistinátta



Fækkun gistinátta
milli 2015-2020
(fjölgun um 11% milli
2014-2019)

Gestakomur



Fjöldi gestakoma árið
2020 á Vestfjörðum
(139.960 árið 2019)

Meðaltal rúma árið 2020

Meðaltal miðast við þá mánuði sem framboð er



Hótel - 142
Hótelíbúðir - 41
Gistiheimili starfandi allt árið - 432
Sumarhótel - 179

Sumargistiheimili - 173
Heimagisting - 91
Farfuglaheimili - 60
Svefnpökagisting - 68



Veitingaþjónusta



Staðir
skráðir með
veitingaleyfi

Matvöruverslanir



Fjöldi
matvöruverslana

Bílaleigur



Útibú þriggja stærstu
bílaleiganna eru á
Ísafirði og tvö útibú á
sunnanverðum Vestfjörðum

Bifreiðaverkstæði



Skráð verkstæði

Bensínstöðvar



Sjálfsafgreiðslu-
stöðvar

Söfn og sýningar



Skráð söfn og
sýningar

Sundlaugar og heitar laugar



Á Vestfjörðum má einnig finna margar náttúrulegar, allt frá algjörlega manngerðum laugum og yfir í 100% náttúrulegar. Flestar eru þessar laugar opnar almenningi en eitthvað er um að heitar laugar séu í einkaeigu. Sumar þessara náttúrlauga eru skráðar en aðrar eru einungis á vitund heimanna sem oft vilja halda því þannig.



Afþreying

Boðið er upp á ýmsar dagsferðir og lengri ferðir. Hjá Ferðamálastofu eru 56 aðilar skráðir í flokkinn afþreying.

KAJAKFERÐIR
LÚXUSFERÐIR
MATARUPPLIFUN
HJÓLAFERÐIR
OG LEIGUR
KÖFUN
VÉLSLEÐA OG
SNJÓBÍLAFERÐIR
FJÓRHJÓLA OG BUGGYFERÐIR
NORÐURLJÓSASKOÐUN
BÁTSFERÐIR
JEPPA OG JÖKLAFERÐIR
SELASKOÐUN
ÍSKLIFUR
STANGVEIÐI
LJÓSMYNDAFERÐIR
HVALASKOÐUN
SKÍÐI OG GÖNGSKÍÐI
GÖNGUFERÐIR
HESTA AFÞREYING
FUGLASKOÐUN



Þjóðerni



Út frá tölum um gestakomur á Vestfirði árið 2020 komu flestir gestir frá Þýskalandi og Bretlandi en árið 2019 var Norður-Ameríka með flestar komur og þjóðverjar þar fast á eftir. Hafa þarf í huga að þessi breyting gæti átt sér stað vegna takmarkana á landamærum hér og erlendis.

Skemmtiferðaskip



Farþegar

Vegna faraldursins árið 2020 komu engin skemmtiferðaskip til Ísafjarða. Árið 2019 komu 97.839 farþegar með 126 skipum til Ísafjarðar. Þegar horft er til þjóðernis komu rúmlega 72% þeirra frá þremur löndum. 26.791 frá Þýskalandi, 23.711 frá Bretlandi og 20.072 frá Bandaríkjunum. Aðrir farþegar 27.265 talsins voru t.d. Norðurlandabúar, Hollendingar, Belgar, Spánverjar, Ítalir, Frakkar og Asíubúar.

Flug




Farþegar

Árið 2020 fóru 14.710 farþegar um Ísafjarðarflugvöll en 32.332 farþegar árið áður, fækkun farþega um -54,5%. Um Bíldudalsflugvöll fóru 2.307 farþegar árið 2020 og 2.983 farþegar árið 2019, fækkun upp á -22,7%. Það hinsvegar hækkaði farþegarfjöldi um Gjögur flugvöll um 31,9%, frá 116 farþegum upp í 153 farþega.



Áningarstaðir




FLOKKUN ÁNINGARSTADA

- Áningarstaður
- Upplýsingaútskot
- Opinn skógur
- 🗼 Viti
- Útskot



Upplýsingamiðstöðvar



FLOKKUN UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVA

- Landshlutamiðstöð
- Svæðismiðstöð
- Upplýsingamiðstöð



ÍMYND SVÆÐIS OG AÐDRÁTTARAFL

18

Aðdráttarafl og ímynd Vestfjarða hefur ávallt verið tengd einstakri náttúru og markaðssetning byggir mikið á þeim þáttum. Í stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu 2016-2020 er dregin fram eftirfarandi sérstaða;

Einstök náttúra, friðsæld og öðruvísi upplifun

- > Nálægð við einstaka náttúru: Friðlönd, fossar, fjöll, firðir, hreinleiki og dýralíf
- > Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta og kyrrð
- > Öðruvísi upplifun: Við erum ævintýragjörn, sjálfbær, skapandi, menningarleg og dularfull

Fjölsóttustu áfangastaðir ferðamanna á Vestfjörðum yfir sumartímann eru Látrarbjarg, Dynjandi og Rauðasandur. Þessir staðir eru reyndar allir með mikla árstíðarsveiflu vegna aðgengis en vegir að þessum stöðum eru ekki með heilsársþjónustu. Aðrir staðir sem töluvert eru heimsóttir eru Hornstrandir, Bolafjall og Vigur, sem einnig hafa mikla árstíðarsveiflu. Auk umræddra náttúruperla er einnig mikið um að ferðamenn séu að heimsækja þorpin um alla Vestfirði enda er þar að finna þá þjónustu sem ferðamenn leita í.

Hin mikla árstíðarsveifla í vestfirskri ferðaþjónustu kemur skýrt í ljós þegar að nýting gistirýma yfir veturinn er skoðuð. Lenging ferðamannatímabilsins og heilsársferðaþjónusta hefur því verið ein af helstu áherslum í starfi Markaðsstofu Vestfjarða undanfarin ár. Ýtt er undir heilsársferðaþjónustu með markaðssetningu en einnig með vöruþróun ásamt því að unnið er að lengingu opnunartíma í samstarfi við ferðaþjóna og sveitarfélög.





Vestfirðir í heild

Vestfjarðaleiðin - Uppbygging, efling og þróun heilsársferðþjónustu í tengslum við opnun Vestfjarðaleiðarinnar.

Göngu- og hjólaleiðir – Kortlagning göngu- og hjólaleiða víðsvegar á Vestfjörðum, úrbætur á merkingum og aðgengi ásamt miðlun leiða og upplýsinga. Sjá lista yfir göngu- og hjólaleiðir í viðauka 1.

Westfjords Food - Kortlagning, þróun og miðlun í tengslum við vestfirska matvælaframleiðslu og matartengda ferðþjónustu á Vestfjörðum.

Áningarstaðir - Kortlagning, miðlun og uppbygging áningarstaða á Vestfjörðum í tengslum við umferðaöryggi og ákjósanleg stopp. Sjá lista yfir áningarstaði í viðauka 2.

Fuglaskoðunarstaðir á Vestfjörðum – Kortlagning fuglaskoðunarstaða víðsvegar um Vestfirði, heildstæð hönnun og uppbygging fuglaskoðunaraðstöðu ásamt miðlun upplýsinga.

Skemmtiferðaskip - Unninn rammi um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum.





Norðanverðir Vestfirðir

Dynjandi – Heildarskipulag svæðis við áfangastaðinn Dynjanda.

Bolafjall – Heildarskipulagning Bolafjalls sem áfangastaðar.

Skipulag og hönnun hafna í Ísafjarðarbæ - Skipulags-, hönnunar- og framkvæmdavinna, útvíkkun hafnarsvæðis og þróun skútu/skemmtibátahafnar.

Hvítanes og Litlibær í Ísafjarðadjúpi – Bætt aðkoma ferðamanna að Hvítanesi og Litlabæ með áherslu á samspil náttúru og öryggis ferðamanna við þjóðveginn.

Hornstrandir og Jökulfirðir – Greining á núverandi stöðu og stefnumótun um þróun friðlandsins sem áfangastaðar.

Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum - Hönnun og framkvæmdir á alhliða útivistarsvæði sem inniheldur skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir með útsýnisstöðum og þjónustuhúsi.

Sólsetrið á Þingeyri – Uppbygging og framkvæmdir við Sólsetrið sem liður í uppbyggingu Þingeyrar sem áfangastaðar.

Tankurinn á Þingeyri – Framkvæmd og hönnun við Tankinn, liður í uppbyggingu Þingeyrar sem áfangastaðar.

Víkingasvæðið á Þingeyri – Uppbygging og framkvæmdir við Víkingarsvæðið, liður að uppbyggingu Þingeyrar sem áfangastaðar.

Útsýnispallur af sjóvarnargarði á Flateyri – Uppbygging og framkvæmd við útsýnispall af sjóvarnargarði við Öndarfjörð.

Sjósundaðstaða í Ísafjarðarbæ – Hönnun og þróun aðstöðu til sjósunds í Ísafjarðarbæ, með áherslu á Öndarfjörð og Sundkýrina Sæunni.

Valagil – Hönnun og framkvæmd við gönguleið og áfangastaðinn Valagil í Álftafirði.

Ósvör og fjaran – Skipulags- og hönnunarvinna í kringum áfangastaðinn Ósvör og tengingu hans yfir í fjöruna.

Skorsteinn á Hvilftarströnd – Uppbygging og verndun menningarverðmæta ásamt miðlun upplýsinga, hönnun á aðkomu og tengingu við göngustíga.

Staðardalur við Súgandafjörð – Hönnun og þróun áfangastaðar í Staðardal, uppbygging og framkvæmd við gamla verbúð ásamt miðlun upplýsinga.

Lónið á Suðureyri – Miðlun upplýsinga og hönnun umhverfis, uppbygging og úrbætur á aðkomu við Lónið.

Kláfur á Ísafirði – Hönnun og uppbygging kláfs frá Ísafirði upp á Eyrarfjall.

Neðsti kaupstaður – Hönnun og uppbygging safnasvæðis með tilliti til öryggis og aðgengis

Sjósunds og saunaaðstaða á Þingeyri – Hönnun og uppbygging sjósund og sauna aðstöðu á Þingeyri.

Raggagarður – Áframhaldandi uppbygging fjölskyldugarðsins Raggagarðs í Súðavík.



Sunnanverðir Vestfirðir

Látrabjarg – Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.

Kolabryggjan á Vatneyri – Hönnun og enduruppbygging gamallar bryggju við Vatneyri á Patreksfirði í tengslum við sjótengda ferðaþjónustu.

Bæjarmynd Bíldudals – Uppbygging og þróun Gömlu Smiðjunnar og gömlu bæjarmyndar Bíldudals.

Rauðasandur – Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsársáfangastaðar.

Garðar BA – Hönnun og uppbygging áningarstaðar.

Listasafn Samúels í Selárdal – Áframhald á viðeigandi uppbyggingu safnsins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð.

Sundlaugin í Lauganesi / Krossholt – Uppbygging í kringum náttúrulega í Krossholti á Barðaströnd.

Skógræktarsvæði við Bíldudal – Uppbygging, hönnun og þróun stígakerfis í og við skógræktarsvæði Bíldudals.

Reykjafjörður í Arnarfirði – Uppbygging og þróun í kringum heitar laugar í Reykjafirði.

Skrímslafjörðurinn Arnarfjörður – Uppbygging og hönnun skrímslastoppa ásamt miðlun upplýsinga og fræðslu.

Svuntufoss í Patreksfirði – Þróun og framkvæmd vegna aðkomu að Svuntufossi, merkingar á áfangastað ásamt miðlun upplýsinga.

Fuglaskoðunarhús við Tálknafjörð – Hönnun og framkvæmd við fuglaskoðunarhús við Tálknafjörð.

Fuglastígur um Tálknafjörð – Þróun og uppbygging fuglastígs meðfram endilöngum Tálknafirði, ásamt merkingum og miðlun.

Brjánslækjarhöfn – Aðstaða fyrir ferðamenn við Brjánslækjarhöfn - uppbygging í kringum hafnarsvæði í nálægð við Flókatóftir.

Vatnsfjörður – Uppbygging innviða og merkingar.

Patrekshöfn – Skipulag og hönnun vegna komu skemmtiferðaskipa.

Bæjarmynd Patreksfjarðar – Uppbygging og þróun gamla þorpsins á Vatneyri.

Kollsvík – Uppbygging áfangastaðar með fræðslu- og öryggisskiltum, merkingu gönguleiða.

Safn Gísla á Uppsölum - Uppbygging á safni og aðstöðu.





Strandir og Reykhólar

Skúlpúraslóð við Hólmavík – Hönnun og þróun Skúlpúraslóðar á Hólmavík.

Listaverkaslóð við Sævang - Uppbygging og áframhaldandi þróun listaverkaslóðar og áfangastaðar í landi Kirkjubóls.

Tjaldsvæðið á Hólmavík – Áframhaldandi uppbygging og endurbætur á tjaldsvæðinu á Hólmavík.

Sæluhús á Steingrímsfjarðarheiði – Hönnun, uppbygging og þróun áfanga- og áningarstaðar með tilliti til umferðaöryggis og miðlun upplýsinga.

Flatey – Uppbygging stíga umhverfis eyjuna, merkingar og miðlun upplýsinga.

Kúalaug við Reykhóla – Hönnun og þróun áfangastaðarins, uppbygging og aðgengi.

Langavatn við Reykhóla – Áframhaldandi uppbygging göngustíga og útsýnispalla, merkingar og miðlun upplýsinga.

Kaldalón – Uppbygging Kaldalóns sem áfangastaðar með tengingu við Drangajökul.

Grímsey – Hönnun og uppbygging áfangastaðar, úrbætur á aðgengi í eyjuna og miðlun upplýsinga.

Laugarhóll og Kotbýli kuklarans í Bjarnafirði – Uppbygging og þróun við Kotbýli kuklarans og Laugarhól í Bjarnafirði – þróun og miðlun þjóðtrúargöngu, uppbygging Gvendarlaugar og úrbætur við aðgengi.

Pottarnir á Drangnesi – Úrbætur á aðgengi, hönnun svæðis og uppbygging við fjörupottana á Drangnesi.

Krossneslaug – Hönnun og uppbygging aðstöðu, aðkomu og umhverfis við Krossneslaug.

Höfnin í Norðurfirði – Uppbygging í kringum höfnina á Norðurfirði til að gera hana betri sem áfangastað ferðamanna, bæði með aukinni uppbyggingu og m.t.t. öryggis.





VIÐAUKI 1 GÖNGU- OG HJÓLALEIÐIR

Norðanverðir Vestfirðir

Stígagerð og merkingar umhverfis snjóflóðavarnargarða og skógræktarsvæði í Skutulsfirði.

Skrásetning og miðlun gönguleiða umhverfis Bolungarvík.

Gönguleið frá Ósvör yfir að höfninni í Bolungarvík.

Gönguleið á milli gömlu og nýju byggðarinnar í Súðavík, tengja tjaldsvæði, Melrakkasetur og Raggagarð.

Kortlagning og miðlun gönguleiða í Dýrafirði.

Gönguleið á milli Sólbakka og skorsteinsins úr gömlu hvalstöðinni í Öndarfirði.

Uppbygging göngu- og útivistarsvæðis á og við varnargarðinn fyrir ofan Flateyri.

Uppbygging og merkingar hjólastíga í Öndarfirði.

Sögustígar með skiltum og merkingum um Staðardal við Súgandafjörð.

Miðlun og merkingar fyrir leið yfir Klofningsheiði.

Próun og uppbygging útivistarsvæðis út frá Hrafnseyrarheiði, kortlagning leiða, merking og miðlun.

Próun og uppbygging „Vestfirsku Alpanna“ sem alhliða útivistarsvæðis, kortlagning leiða, merkingar og miðlun upplýsinga.

Kortlagning, merking og miðlun fjallahjólaeiða.

Uppbygging náttúrustígs upp í Naustahvilft.





Sunnanverðir Vestfirðir

Kortlagning, merking og miðlun upplýsinga um leiðir og stíga um Ketildali.

Uppbygging gönguleiðar á Lónfell.

Kortlagning, merking og miðlun göngu- og hjólaleiða umhverfis Patreksfjörð.

Uppbygging stígakerfis, merkingar og miðlun leiða um skógræktarsvæði við Bíldudal.

Merking leiðar og miðlun upplýsinga í tengslum við kuml í Hringsdal.

Próun og uppbygging skrímslaleiðar um Arnarfjörð.

Kortlagning, merking og miðlun göngu- og hjólaleiða umhverfis Bíldudal.

Próun og miðlun gönguleiða milli Tálknafjarðar og Arnarfjarðar.





Strandir og Reykhólar

Próun stígakerfis og samtenging stíga ásamt uppbyggingu fuglaskoðunarhúsa við Reykhóla.

Göngustígur niður að Langavatni við Reykhóla.

Gönguleið upp að Stað í Reykhólasveit.

Gönguleiðir og slóðar í nágrenni Hólmavíkur. Kortlagning, merking og uppbygging.

Gönguleið upp að Gáttinni fyrir ofan Laugarhól í Bjarnarfirði.

Gönguleiðir á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð.

Gönguleið með Þjóðbrókargili og um Staðarfjall.

Hringleið um Þiðriksvallavatn.

Brúðkaupsleiðin (Vatnaleið úr Steingrímsfirði í Bjarnarfjörð).

Bæjarskarð hjá Kaldrananesi og að Bæjarfelli við Drangnes.

Asparvíkurdalur að Kaldbak (Púsund fossadalur upp á Kaldbakshorn 525m þar sem útsýni er yfir allan Eiríksjökul, Langjökul og Lambatind).

Merking og miðlun leiðar upp á Lambatind, með útsýni að Hornbjargi, Drangaskörðum, Kaldbakshorni, Langjökli, Eiríksjökli og Siglunesi.

Leið frá Goðafossi að Þverárgljúfri í Bjarnarfirði. Skógi vaxin hlíð með heitum náttúrulegum og lækjum á leiðinni.

Kortlagning, merking og miðlun gönguleiða við Djúpavík í Árneshreppi.

Kortlagning, merking og miðlun hjólaleiða í Árneshreppi.

„Þverun Íslands“ merking og miðlun leiðar um grafninginn úr Bitrufirði yfir í Gilsfjörð.



VIÐAUKI 2

ÁNINGARSTAÐIR



Í tengslum við uppbyggingu Vestfjarðaleiðarinnar er unnið að kortlagningu, uppbyggingu og miðlun áningarstaða um Vestfirði. Hér fyrir neðan má finna ákjósanlega áningarstaði sem horft er sérstaklega til við uppbygginguna.

Ekki er um endanlega staðsetningu að ræða og er listinn birtur með fyrirvara um samþykki og samstarf við sveitarfélög og landeigendur.

Norðanverðir Vestfirðir

Áningarstaðir í botni og við mynni Álftafjarðar, Seyðisfjarðar, Hestfjarðar, Skötufjarðar, Mjóafjarðar og Ísafjarðar í Ísafjarðardjúpi.

Áningarstaður og merking við Hestinn í Hestfirði.

Uppbygging stærri áningarstaða og miðlun upplýsinga við Arnarneshamar, Kamsnes, Hvítanes, Fossahlíð, Rjúkanda, Reykjanes og Langadal við Ísafjarðardjúp.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við brú yfir Dýrafjörð.

Áningarstaður og miðlun upplýsinga á Gemlufallsheiði.

Áningarstaður við ferjustaðinn á Gemlufalli.

Áningarstaður við gömlu verðbúðina í Staðardal við Súgandafjörð.

Áningarstaður við mynni gangna í Botnsdal við Súgandafjörð.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga á Hrafnseyrarheiði.





Sunnanverðir Vestfirðir

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við gatnamót/inn í botni Tálknafjarðar.

Áningarstaður við Guðmundarlund í Tálknafirði.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Hvestu í Arnarfirði.

Áningarstaður við Skógræktarsvæði við Bíldudal.

Áningarstaður í Trostansfirði.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga uppi á Dynjandisheiði.

Áningarstaður við A húsið í Fossfirði.

Áningarstaður við fiskhjalla í Mikladal.

Áningarstaður við Stapana í Patreksfirði.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Flókatóftir.

Áningarstaður við Foss í Fossfirði.

Áningarstaður við Garðar BA í Skápadal.

Áningarstaður við Gíslahelli í Vatnsfirði.

Áningarstaður við Kleifakarlinn á Kleifarheiði.

Áningarstaður við kumlin í Vatnsdal.

Áningarstaður við Móbergssfoss á Rauðasandi.





Strandir og Reykhólar

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Síldarverksmiðjuna í Ingólfsfirði.

Áningarstaður við Grástein, Kolgrafarvík og Kistuvog í landi Stóru-Ávíkur í Árneshreppi.

Áningarstaður við Þrjátíudalastapa í Árneshreppi.

Áningarstaður ofan við Veiðileysufjörð í Árneshreppi.

Áningarstaður/útsýnisstaður þar sem horft er yfir á Grímsey í Steingrímsfirði.

Áningarstaður á Bølum í Kaldrananeshreppi.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við sæluhús á Steingrímsfjarðarheiði.

Áningarstaður við foss í Gervidalsá.

Áningarstaður við Kaldalón í Ísafjarðardjúpi.

Áningarstaður á Þröskuldum.

Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Vaðalfjöll.

Áningarstaður við minnisvarða Matthíasar Jochumssonar.

Áningarstaður og sögumiðlun við Vestfjarðatröllin í Drangavík í Kollafirði.

Áningarstaður og hringsjá á Ennishálsi.

Velja og byggja upp selaskoðunarstað á Ströndum.

Áningarstaður við Húsavíkurkleif á Ströndum.



VIÐAUKI 3

VARÐA – MERKISSTAÐIR ÍSLANDS

Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- eða heimsvísu. Meginaðdráttarafli þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. Varða er samstarfsverkefni á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.


Sett hafa verið fram ákveðin skilyrði sem Vörður verða að uppfylla og er það meðal annars:

- > Skilvirkt samgöngukerfi
- > Umsjónarleg ábyrgð er skýr
- > Ákvarðanir byggja á áreiðanlegum gögnum
- > Fræðsla og upplýsingagjöf til fyrirmyndar
- > Umhverfi staðarins til fyrirmyndar
- > Innviðir vandaðir og falla vel að landslagi
- > Grunnþjónusta fyrir gesti allt árið um kring
- > Öryggisáætlun er til staðar
- > Álagsstýringu er beitt
- > Staðurinn er fjárhagslega sjálfbær
- > Upplifun heimamanna er jákvæð
- > Upplifun gesta er jákvæð

Áfangastaðastofum hefur verið falið að vinna tillögur um Vörður í sínum landshluta og munu Vestfirðir leggja til að eftirfarandi staðir fari í ferli um að verða Vörður.

Dynjandi

Dynjandi er í umsjón Umhverfisstofnunar en landið er innan landamerkja Ísafjarðarbæjar. Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti árið 1981 en nú er unnið að gerð þjóðgarðs á svæðinu. Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu undanfarnin ár með bættum gönguleiðum, útsýnisþöllum, bílastæðum og salernum. Umhverfisstofnun vinnur nú að gjaldtöku fyrir bílastæði við Dynjanda. Dynjandi er því langt komin með að uppfylla skilyrði sem sett eru um Vörðu og því eðlilegur fyrsti kostur Vestfjarða sem Varða.



Látrabjarg

Þann 2. mars 2021 var undirrituð friðlýsing á Látrabjargi, en vinna að friðlýsingu hafði staðið yfir í þónokkurn tíma. Landeigendur á Látrabjargi hafa fengið styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða, en deilur hafa verið um útfærslur í tengslum við styrkina. Ljóst er að mikil uppbygging þarf að eiga sér stað við Látrabjarg og enn er nokkuð langt í land að staðurinn gæti orðið Varða. En Látrabjarg er sannarlega einn af aðal ferðamannastöðum svæðisins og einstakur staður og því eðlilegt að öll vinna sem framundan er sé unnin með það að markmiði að Látrabjarg verði Varða.

Bolafjall

Bolungarvíkurkaupstaður fékk styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hönnunar og byggingar á útsýnispalli á Bolafjalli. Gerð útsýnispallsins er í vinnslu, en áætluð verklok á honum eru haust 2021. Bolafjall er ekki nýr áfangastaður ferðamanna en er þó með gerð pallsins í mikilli þróun og verður enn meiri segull fyrir svæðið. Öll uppbygging í tengslum við Bolafjall er unnin með það í huga að uppfylla skilyrði um Vöru. Raunhæft væri að Bolafjall yrði önnur eða þriðja Varða Vestfjarða en ljóst er að leysa þarf aðgengismál.







Útgefið í janúar 2022